



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 34/2021

Afturköllun og bann við sölu á leikfangalest hjá Kids Coolshop

I.

Málsmeðferð

Neytendastofu barst ábending um að leikfangið „*Wooden stacking train set*“ frá framleiðandanum Vilac uppfyllti ekki kröfur laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu og reglugerð nr. 944/2014, um öryggi leikfanga og markaðssetningu þeirra á Evrópska efnahagssvæðinu, sjá meðfylgjandi myndir. Var leikfangið selt í gegnum vefsíðuna kidscoolshop.is, sem rekin er af Kids Coolshop Iceland ehf. Í ábendingu kom fram að hjól, öxull og hnoðbolti hafi losnað undan leikfanginu og komist í hendur barns og þar með valdið köfnunarhættu.

Með bréfi Neytendastofu til Kids Coolshop Iceland, dags. 12. júlí 2021, fór Neytendastofa fram á afhendingu gagna sem staðfestu að umrætt leikfang uppfyllti lágmarkskröfur um öryggi leikfanga. Í bréfinu gerði stofnunin jafnframt grein fyrir ákvæðum laga nr. 134/1995, reglugerðar nr. 944/2014 og viðeigandi staðla.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 30. júlí 2021, ítrekaði stofnunin framangreinda beiðni. Engin svör bárust stofnuninni.

Þar sem engin svör bárust stofnuninni var talið nauðsynlegt að leggja á tímabundið bann við sölu og afhendingu umræddrar leikfangalestar með bréfi, dags. 27. ágúst 2021. Varði bannið í fjórar vikur frá dagsetningu bréfsins, þ.e. til 24. september 2021. Í bréfinu ítrekaði stofnunin beiðni sína um afhendingu gagna og tilvísanir til viðeigandi ákvæða laga, reglna og staðla.

Engin svör bárust stofnuninni frá Kids Coolshop Iceland vegna málsins.



II. Niðurstaða

1.

Mál þetta varðar öryggi leikfangalestarinnar „*Wooden stacking train set*“ sem seld var hjá Kids Coolshop Iceland. Samkvæmt ábendingu sem barst stofnuninni losnaði hjól, öxull og hnoðbolti undan tengivagni lestarinnar og endaði í höndum barns. Engin gögn hafa borist Neytendastofu vegna málsins þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir um afhendingu slíkra gagna.

2.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, mega framleiðendur einungis markaðssetja öruggar vörur. Þá segir í 2. mgr. sömu greinar:

„Vörur, sem ætlaðar eru til sölu, leigu eða hvers kyns annarrar afhendingar í atvinnuskyni á markaði, skulu vera þannig úr garði gerðar að þær fullnægi kröfum sem vegna almannahagsmuna eru gerðar til þeirra í lögum og reglugerðum eða stöðlum um öryggi vöru og vernd heilsu og umhverfis.“

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 134/1995 er um það fjallað hvað telst vera örugg vara og til hvers skuli litið við mat á því hvort vara teljist örugg. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Örugg vara merkir sérhverja vöru sem við eðlileg eða fyrirsjáanleg notkunarskilyrði, þ.m.t. endingartíma, svo og kröfur sem gerðar eru um uppsetningu, viðhald og hvernig hún skal tekin í notkun, telst vera hættulaus fyrir einstaklinga, heilsu þeirra og eignir enda fullnægi hún almennum kröfum sem gerðar eru vegna almannahagsmuna um öryggi og vernd heilsu, svo og umhverfis. Við mat á öryggi vöru skal einkum haft til hliðsjónar:

- 1. Eðli vörunnar, þ.m.t. samsetning hennar, umbúðir og samsetningarleiðbeiningar og, þar sem við á, uppsetningar- og viðhaldsleiðbeiningar.*
- 2. Áhrif vörunnar á aðrar vörur ef fyrirsjáanlegt er að hún verði notuð með öðrum vörum.*
- 3. Framsetning vörunnar, merkingar og, ef við á, varnaðarorð og leiðbeiningar um notkun og förgun auk hvers kyns ábendinga eða upplýsinga um vöruna.*
- 4. Hvort varan er gerð fyrir tiltekinn markhóp neytenda sem getur stafað sérstök hættu af vörunni, t.d. börn og eldra fólk.*

Vara skal ekki sjálfkrafa teljast hættuleg við það eitt að til er á markaði önnur vara sem er talin fullkomnari með tilliti til öryggis eða unnt er að auka öryggi hennar.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga við um þjónustu sem veitt er í tengslum við vöruviðskipti eftir því sem við getur átt.“

Framleiðsla og dreifing vöru, svo og þjónusta sem veitt er í tengslum við vöruviðskipti, skulu ávallt vera í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og annarra stjórnvaldsfyrirmæla sem gilda hverju sinni um öryggi vörunnar, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995. Í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995, er nánar tilgreint hvaða vörur teljast vera öruggar í skilningi laganna en þar segir:



„Vara telst vera örugg ef hún uppfyllir skilyrði sem fram koma í íslenskum stöðlum, sem innleiða Evrópustaðla, sem tilvísun hefur verið birt í hér á landi og í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins í samræmi við ákvæði tilskipunar um öryggi vöru.“

Ríkar kröfur eru gerðar til framleiðenda, innflytjenda og dreifingaraðila leikfanga. Í reglugerð nr. 944/2014, um öryggi leikfanga og markaðssetningu þeirra á Evrópska efnahagssvæðinu, er að finna ítarleg ákvæði um þær kröfur sem gerðar eru til hvers þeirra um sig, sbr. 3., 5., og 6. gr. nefndrar reglugerðar.

Samkvæmt 4. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 944/2014 er framleiðandi sá einstaklingur eða lögaðili sem framleiðir leikfang eða lætur framleiða eða hanna leikfang og markaðssetur leikfangið undir sínu nafni eða vörumerki.

Í 3. gr. reglugerðar nr. 944/2014 er kveðið á um skyldur framleiðanda en framleiðendur mega aðeins setja leikfang á markað sem uppfyllir viðeigandi kröfur um öryggi, sbr. 1. mgr. Áður en að leikfang er sett á markað skal framleiðandi, sbr. 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 944/2014:

„1. tryggja að leikfangið hafi verið hannað og framleitt í samræmi við grunnkröfur um öryggi,

2. [...]

3. útbúa tæknigögn í samræmi við 19. gr. og framkvæma eða láta framkvæma samræmismat með viðeigandi samræmismatsaðferð skv. 17. gr. Ef sýnt er fram á að leikfang uppfylli viðeigandi kröfur með þessum aðferðum skal framleiðandi útbúa EB-samræmisfirlýsingu, sbr. 13. gr. og festa CE-merkið á í samræmi við 15. gr.,

4. varðveita tæknigögn og EB-samræmisfirlýsinguna í tíu ár eftir að leikfang hefur verið sett á markað,

5. [...]

6. tryggja að leikfang hans beri gerðar-, framleiðslu-, rað- eða tegundarnúmer eða annað tákn sem gerir kleift að bera kennsl á það eða, ef það er ekki hægt vegna stærðar eða eiginleika leikfangs, að umbeðnar upplýsingar séu veittar á umbúðum eða í skjali sem fylgir leikfanginu,

7. tilgreina á leikfanginu nafn sitt, skráð firmaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang þar sem má hafa samband við hann eða, ef það er ekki hægt, á umbúðunum eða í skjali sem fylgir leikfanginu. Óheimilt er að tilgreina fleiri en einn stað sem heimilisfang þar sem hægt er að hafa samband við framleiðanda,

8. tryggja að leikfanginu fylgi leiðbeiningar og upplýsingar um öryggismál á íslensku,

9. tryggja að leikfang beri viðvörunarmerkingar skv. 10. gr.“

Í III. kafla reglugerðar nr. 944/2014 er auk þess að finna ítarleg og samsvarandi ákvæði um ábyrgð og skyldur innflytjanda og dreifingaraðila á leikföngum sem markaðssett eru hér á landi og á EES-svæðinu. Í 5. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um skyldur innflytjanda:



„Áður en leikfang er sett á markað skal innflytjandi:

- 1. tryggja að framleiðandi hafi framkvæmt eða látið framkvæma samræmismat með viðeigandi samræmismatsaðferð, sbr. 17. gr.,*
- 2. tryggja að framleiðandi hafi útbúið tæknigögn, sbr. 19. gr.,*
- 3. tryggja að leikfang beri samræmismarki og því fylgi þau skjöl sem krafist er,*
- 4. tryggja að leikfangið beri gerðar-, framleiðslu-, rað- eða tegundarnúmer eða annað sem gerir kleift að bera kennsl á þau eða, ef það er ekki hægt vegna stærðar eða eiginleika leikfangs, að umbeðnar upplýsingar séu á umbúðunum eða í skjali sem fylgir leikfanginu,*
- 5. tryggja að leikfangið beri nafn framleiðanda, skráð firmaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang, þar sem hafa má samband við hann, eða ef það er ekki hægt, á umbúðunum eða í skjali sem fylgir leikfanginu.“*

Þá segir í 10. mgr. 5. gr.:

„Innflytjandi skal á grundvelli rökstuddrar beiðni frá Neytendastofu, afhenda stofnuninni allar upplýsingar og skjöl sem nauðsynleg eru til að sýna fram á samræmi leikfangsins. Upplýsingarnar og skjölin skulu vera á íslensku eða, með heimild Neytendastofu, á öðru tungumáli Evrópska efnahagssvæðisins. Innflytjandi skal hafa samvinnu við Neytendastofu, að beiðni hennar, að því er varðar allar aðgerðir sem beitt er til að útiloka áhættu sem stafar af leikföngum sem hann hefur sett á markað.“

Leikfang á ekki að vera markaðssett fyrir en framleiðandi hefur sýnt fram á samræmi þess við grunnkröfur um öryggi með þeim samræmismatsaðferðum sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. 17. gr. reglugerðar nr. 944/2014.

Framleiðanda leikfangs ber að útbúa tæknigögn skv. 19. gr. reglugerðar nr. 944/2014. Í 19. gr. reglugerðarinnar segir að með tæknigögnum sé átt við öll viðeigandi gögn eða upplýsingar um aðferðir sem framleiðandinn notaði til að tryggja að leikfangið eða leikföngin sem hann setur á markað séu í samræmi við grunnkröfur um öryggi. Tæknigögn teljast þó að lágmarki þau gögn og upplýsingar sem fram koma í IV. viðauka reglugerðarinnar, en þar er m.a. vísað til gagna um ítarlega lýsingu á hönnun og framleiðslu leikfangsins, öryggismats framleiðanda og ganga þar sem samræmismatsaðferð er lýst. Í framangreindum viðauka er einnig vísað til EB-samræmisfirlýsingar, heimilisfanga á framleiðslu- og geymslustöðum og prófunarskýrslna. Framleiðendum, innflytjendum og dreifingaraðilum ber skylda til að hafa tæknigögn til reiðu að rökstuddri beiðni Neytendastofu, sbr. 3. gr., 10. mgr. 5. gr. og 5. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 944/2014.



3.

Eins og áður hefur komið fram bærust stofnuninni ekki viðeigandi gögn vegna leikfangalestarinnar eins og skylt er á grundvelli 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 944/2014. Ber framleiðanda að varðveita slík gögn, sbr. 4. tölul. sömu greinar. Í máli þessu liggja því ekki fyrir fullnægjandi gögn sem staðfesta öryggi leikfangsins. Jafnframt er hætt við að hjól losni undan lestinni eða af fylgivögnum og að barn hafi þá aðgang að smáum hnoðbolti og öxli. Slíkur hnoðbolti myndar köfnunarhættu fyrir börn.

Í ljósi þess að ekki hefur verið sýnt fram á að leikfangalestin uppfylli framangreind skilyrði varðandi framleiðslu og markaðssetningu leikfanga, ásamt því að slyshætta kann að myndast við notkun leikfangsins, telur Neytendastofa að leikfangið sé ekki örugg vara í skilningi laga nr. 134/1995 og reglugerðar nr. 944/2014. Með vísan til 1. mgr. 20. gr. laga nr. 134/1995, sbr. 21. gr. sömu laga og 27. gr. reglugerðar nr. 944/2014, bannar Neytendastofa hér með alla sölu og afhendingu leikfangalestarinnar „*Wooden stacking train set*“, frá framleiðandanum Vilac, sjá myndir í fylgiskjali.

Kids Coolshop Iceland ber að afturkalla leikfangalestina „*Wooden stacking train set*“, frá framleiðandanum Vilac, af markaði og endurgreiða kaupendum andvirði leikfangsins í samræmi við 1. mgr. 20. gr, sbr. 21. gr. laga nr. 134/1995. Neytendastofa leggur jafnframt þá skyldu á Kids Coolshop Iceland að eyðileggja öll eintök varanna með öruggum hætti, sbr. 22. gr. laga nr. 134/1995, og leggja fram gögn sem sýna fram á örugga eyðingu þeirra leikfanga sem um ræðir í máli þessu og eru enn á vörulager fyrirtækisins.

Á grundvelli heimildar í 24. gr. laga nr. 134/1995 telur Neytendastofa nauðsynlegt að fara fram á að Kids Coolshop Iceland birti tilkynningu í fjölmiðlum um innköllun þessa svo að eðlilegum varnaðaráhrifum sé náð.

Bann þetta tekur gildi frá dagsetningu ákvörðunarinnar.

Neytendastofa bendir á að samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 134/1995, varðar það dagsektum, allt að kr. 50.000 á sólarhring, ef ekki er farið að fyrirmælum stofnunarinnar.

Neytendastofa mun upplýsa framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um þær aðgerðir sem gripið hefur verið til hér á landi í samræmi við reglugerð nr. 566/2013, um markaðseftirlit, faggildingu o.fl. Fara upplýsingaskiptin fram með tilkynningu í tilkynningarkerfi um hættulegar vörur (e. Safety Gate).



III.

Ákvörðunarorð:

„Kids Coolshop Iceland ehf., Smáratorgi 3, 201 Kópavogur, er með vísan til 1. mgr. 20. gr., sbr. 21. gr., laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu og 27. gr. reglugerðar nr. 944/2014, um öryggi leikfanga og markaðssetningu þeirra á evrópska efnahagssvæðinu, bannað að selja og afhenda leikfangalestina „Wooden stacking train set“ frá framleiðandanum Vilac (sjá myndir í fylgiskjali).

Með vísan til 1. mgr. 20. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, sbr. 21. gr. og 2. mgr. 22. gr. sömu laga, skal Kids Coolshop Iceland afturkalla frá neytendum leikfangalestina „Wooden stacking train set“ frá framleiðandanum Vilac og endurgreiða þeim andvirði vörunnar. Á grundvelli 24. gr. laga nr. 134/1995 fer Neytendastofa fram á að Kids Coolshop Iceland birti tilkynningu í fjölmiðlum um innköllun þessa.

Með vísan til 1. mgr. 22. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, skal Kids Coolshop Iceland eyða öllum eintökum varanna.

Bann þetta gildir frá dagsetningu ákvörðunarinnar.“

Neytendastofa, 28. september 2021

Dórunn Anna Árnadóttir
Forstjóri

Guðni Már Grétarsson
Lögfræðingur

Fylgiskjal með ákvörðun Neytendastofu nr. 34/2021



